

**36. fundur skólanefndar haldinn Bláskógaskóla, Laugarvatni,
mánudaginn 19. ágúst 2024, kl. 15:30.**

Fundinn sátu:

Áslaug Alda Þórarinsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Sólmundur Magnús Sigurðarson, Harpa Sævarsdóttir, Hildur Hálfðanardóttir, Lieselot Simoen, leikskólastjóri Álfaborg, Lára Bergljót Jónsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Reykholti, Íris Anna Steinarrsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, Guðbjörg Þóra Jónsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara, , Ragnheiður Bjarnadóttir, fulltrúi foreldra leikskólabarna og Ásta Stefánsdóttir.

Eftirtaldir boðuðu forföll: Borghildur Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla, María Carmen Magnúsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólabarna.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.
Sólmundur tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

1. Skólastefna - 2309028

Skólastefna Bláskógabyggðar.

Drög að skólastefnu Bláskógabyggðar voru lögð fram. Stefnuna vann starfshópur sem skipaður var fulltrúum skólasamfélagsins. Haldnir voru fundir með grunnskólanemendum, starfsfólki allra skólanna og foreldrum, til að tryggja aðkomu sem flestra. Ingvar Sigurgeirsson frá ráðgjafarfyrtækinu Skólastofunni slf, var fenginn til að sjá um verkefnastjórn. Ingvar kom á fundinn kynnti stefnuna og svaraði spurningum fundarmanna. Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn að drög að skólastefnu verði sett í almenna kynningu á heimasíðu sveitarfélagsins.

2. Fundaráætlun skólanefndar 2024-2025 - 2406029

Áætlun um fundi skólanefndar skólaárið 2024-2025

Lögð var fram áætlun um fundi nefndarinnar skólaárið 2024-2025. Áætlunin getur tekið breytingum. Skólanefnd samþykkir áætlunina.

3. Rýmisþörf leikskólans Álfaborgar - 2405033

Rýmisþörf leikskólans Álfaborgar. Fjölgun barna.

Sveitarstjóri og leikskólastjóri Álfaborgar gerðu grein fyrir stöðu mála. Elstu leikskólabörnin munu hafa sína heimastöð í Mosum 1, fyrrum skólastjórabústað í Reykholti, þar sem frístund verður einnig til húsa.

Leitað hefur verið til VA-arkitekta varðandi útfærslur á breytingum og stækkun Álfaborgar og hefur einn vinnufundur verið haldinn.

4. Rýmisþörf leik- og grunnskóla Bláskógabyggðar - 2204023

Rýmisþörf Reykholtsskóla og Bláskógaskóla Laugarvatni.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að flýta undirbúningi að umbótum á skólahúsnaði Reykholtsskóla og Bláskógaskóla, Laugarvatni. Leitað hefur verið til VA-arkitekta varðandi þá vinnu og verður fyrsti vinnufundur haldinn í september.

5. Mönnun stöðugilda í leik- og grunnskólum í Bláskógabyggð - 2408015

Skólastjórnendur fara yfir stöðu mála hvað varðar mönnun stöðugilda í upphafi skólaársins 2024-2025.

Leikskólustjóri Álfaborgar og skólastjórar Reykholtsskóla og Bláskógaskóla fóru yfir stöðu mála.

Í Bláskógaskóla er fullmannað, í Reykholtsskóla er eftir að ráða í eitt stöðugildi stuðningsfulltrúa/frístundar. Í Álfaborg vantar að ráða í fjögur stöðugildi, þar á meðal aðstoðarleikskólustjóra og deildarstjóra.

6. Viðbótargreiðslur í leikskólum - 2406028

Breyttar reglur um viðbótargreiðslur í leikskólum. Átaksverkefni til að fjölga fagmenntuðum leikskólakennurum.

Reglur um viðbótargreiðslur á leikskólum, sem samþykktar voru af sveitarstjórn í júlí s.l. voru lagðar fram. Gert er ráð fyrir endurskoðun eftir tvö ár.

7. Skólaakstur útboð Laugarásleið - 2306027

Til kynningar, nýr rekstraraðili hefur tekið við skólaakstri við Reykholtsskóla, Laugarásleið.

Lagt var fram minnisblað sveitarstjóra þar sem kynnt er niðurstaða útboðs á skólaakstri á Laugarásleið. Samið hefur verið við lögstjóðanda, Ragnar Sverrisson.

Fundi slitið kl. 16:45.

Áslaug Alda Þórarinsdóttir

Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

Sólmundur Magnús Sigurðarson

Harpa Sævarsdóttir

Hildur Hálfðanardóttir

Lieselot Simoen,

Lára Bergljót Jónsdóttir,

Íris Anna Steinarrsdóttir,

Guðbjörg Þóra Jónsdóttir,

Ragnheiður Bjarnadóttir,

Ásta Stefánsdóttir